# Opið brjef

Nr. 16
1. okt.

um

að Alþingi, sem nú er, sje rofið.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Þareð Alþingi hefir samþykt frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, þá verður samkvæmt 21. gr. stjórnskipunarlaga 19. júní 1915 að rjúfa Alþingi það, sem nú er. Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið: Alþingi það, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

**Gefið á Sorgenfríhöll, 1. október 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*